



SÓKNARÁÆTLUN
NORDURLANDS VESTRA

Ferli vinnu við gerð Sóknaaráætlunar Norðurlands vestra 2020-2024

Sóknaráætlun Norðurlands vestra



Í febrúar 2015 var skrifað undir samninga um sóknaráætlunir landshluta fyrir tímabilið 2015-2019. Fyrir hönd ríkisins skrifuðu undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson og mennta- og menningarmálaráðherra, Illugi Gunnarsson en fyrir hönd landshlutana átta, formenn eða framkvæmdastjórar þeirra.

Þetta fyrsta tímabil sóknaráætlunar er senn á enda. Á þessum 4 árum hefur byggst upp nokkur reynsla af þessu formi stuðnings við landshlutana en með sóknaráætlun voru sameinuð í einn samning þrjú verkefni, sóknaráætlunir landshluta, vaxtarsamningar og menningarsamningar.

Sóknaráætlunir fólu í sér mikla nýbreytni í opinberri stjórnáætlun þar sem eitt markmið þeirra er að færa aukna ábyrgð á útdeilingu fjármagns heim í hérað. Jafnframt var með áætlunum leitast við að einfalda framlög til einstakra landshluta, gera þau gegnsærri og láta þau í auknum mæli taka mið af hlutlægum mælikvörðum varðandi stöðu svæðisins.

Af [greiningu](#) sem unnin var fyrir sveitarstjórnarráðuneytið á framkvæmd sóknaráætlunar 2015-2019 má merkja að þessi markmið hafi að mestu leiti náðst. Samkvæmt þeirri sömu [greiningu](#) má sjá að framkvæmd sóknaráætlunar hefur almennt séð gengið vel.

94 milljónir til áhersluverkefna og 320 milljónir til Uppbyggingarsjóðs

Á tímabili þeirrar sóknaráætlunar sem senn rennur skeið sitt á enda hafa verið unnin fjölmörg verkefni á Norðurlandi vestra. Áhersluverkefnin eru 26 samtals að upphæð ríflega 94 milljónir. Á tímabilinu hefur verið úthlutað úr Uppbyggingarsjóði fyrir rúmar 320 milljónir króna í verkefni sem tengjast menningarmálum og atvinnu- og nýsköpun. Yfirlit yfir [áhersluverkefni sóknaráætlunar](#) sem og verkefni sem hlotið hafa [styrk úr Uppbyggingarsjóði](#) er að finna á heimasíðu SSNV.

Frá því að fyrsti sóknaráætlunarsamningurinn var undirritaður hefur mikið vatn runnið til sjávar. Segja má að tímabil hans hafi verið góður lærdómur og mikilvægt veganesti inn í vinnu við gerð nýs samnings sem reikna má með að verði undirritaður á haustdögum. Sömuleiðis hefur mikil þróun átt sér stað innan ráðuneytanna sem aðild eiga að samningnum. Má þá helst nefna [Byggaáætlun áráanna 2018-2024](#) þar sem sett eru fram 54 verkefni sem efla eiga byggðir landsins. Byggaáætlunin er stórt skref í átt til markvissari vinnu með byggðarlögum landsins þvert á ráðuneyti. Það ánægjulegasta við áætlunina er þó það að strax og hún var samþykkt var hafist handa við að vinna að verkefnum hennar og sú vinna hefur jafnt og þétt aukist. Það má því merkja aukinn slagkraft í verkefnum sem efla eiga byggðir landsins að hálfu ríkisins og er það bæði vel og nauðsynlegt.

[Stöðu verkefna Byggaáætlunar](#) má finna á vef samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið heldur utan um störf stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál sem er vettvangur ráðuneyta til

Sóknaráætlun Norðurlands vestra

samráðs um verkefni sóknaráætlunar. Störf hópsins eru áætlununum afar mikilvæg þar sem verkefni þeirra tengjast oft fleiri en einu ráðuneyti og samhæfing því nauðsynleg. Landshlutasamtökin eiga áheyrnarfulltrúa í stýrihópnum og árið 2018/2019 hefur framkvæmdastjóri SSNV verið fulltrúi þeirra í hópnum. Þáttaka í störfum stýrihópsins er mikilvæg til að sjónarmið landshlutanna heyrast og sérstaklega síðasta árið þegar vinna við gerð nýs samnings um sóknaráætlanir hefur staðið yfir.

Í vor hófst vinna við gerð nýrrar Sóknaráætlunar Norðurlands vestra. Gengið var til samninga við KPMG um framkvæmd þeirrar vinnu og er reiknað með að henni ljúki í október. Samhliða vinnu við gerð nýrrar sóknaráætlunar er unnin sviðsmyndagreining um þá þætti sem tengjast atvinnuuppbyggingu í sveitarfélögunum á Norðurlandi vestra í framtíðinni. Ekki síst er horft til þróunar í stórum atvinnugreinum svæðisins eins og landbúnaði, sjávarútvegi og ferðaþjónustu.

Rík áhersla er lögð á samráð við íbúa svæðisins í

vinnu við gerð bæði sóknaráætlunar og sviðsmyndagreiningar. Hjá íbúum liggur mikil þekking á stöðu og möguleikum svæðisins sem nauðsynlegt er að virkja. Íbúafundir verða haldnir á svæðinu en auk þess hefur verið opnaður [rafrænn samráðsvettvangur](#) sem íbúar geta skráð sig á. Þeir sem þar eru skráðir munu í ferlinu fá tækifæri til að hafa áhrif á vinnuna við gerð áætlunarinnar og sviðsmyndanna en einnig á framkvæmdina á samingstíma nýrrar sóknaráætlunar með stuttum könnunum, beiðnum um hugmyndir að áhugaverðum verkefnum o.fl. Einnig verður sóknaráætlunin sjálf birt til samráðs á heimasíðu samtakanna áður en hún verður lögð fyrir haustþing til samþykktar.

Það er von stjórnar og starfsmanna SSNV að íbúar Norðurlands vestra taki virkan þátt í gerð nýrrar sóknaráætlunar og stuðli þannig að eflingu landshlutans.

Unnur Valborg Hilmarsdóttir
framkvæmdastjóri SSNV
unnur@ssnv.is



Hvað er Sóknaráætlun?

Sóknaráætlun Norðurlands vestra er áætlun um þróun og eflingu landshlutans. Í henni er greining á stöðu hans og framtíðarhorfum auk þess sem skilgreind eru verkefni sem mikilvæg eru fyrir svæðið. Áætlunin byggir á samningi Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra fyrir hönd sveitarfélaganna á starfssvæðinu við hið opinbera um fjármögnun áhersluverkefna og Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra. Sóknaráætlun byggir á lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir landshluta nr. 69/2015 og tekur sömuleiðis mið af byggðaáætlun árána 2018-2024. Jafnframt mun í þeirri áætlun sem nú er í vinnslu verða tekið mið af Heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna. Málefna við sóknaráætlana eru bundin samningi við ríkið og núgildandi áætlun er vegna nýsköpunar- og atvinnuþróunar, menningarmála, uppbyggingar mannauðs og lýðfræðilegrar þróunar.

Hver ber ábyrgð á framkvæmd sóknaráætlunar?

Samningar ríkisins um sóknaráætlanir eru gerðir við landshlutasamtökin í landinu. Landshlutasamtökin bera ábyrgð á framkvæmd


áætlunarinnar fyrir hönd og í samráði við sveitarfélögin á starfssvæðum þeirra.

Hvað er Uppbyggingarsjóður?

Tilgangur Uppbyggingarsjóðs er að styrkja menningar-, atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni á Norðurlandi vestra. Sjóðurinn er samkeppnissjóður og eru umsóknir metnar út frá þeim markmiðum og áherslum sem koma fram í Sóknaráætlun Norðurlands vestra.

Á yfirstandandi samningstímabili hefur verið úthlutað einu sinni á ári að jafnaði úr sjóðnum og auglýst eftir umsóknum að hausti og úthlutað í upphafi næsta árs. [Fagráð](#) leggja mat á umsóknir og gera tillögur að úthlutun til [úthlutunarnefndar](#). Fulltrúar í fagráðum og úthlutunarnefnd eru tilnefndir af sveitarfélögunum á starfssvæði SSNV.

Fagráð og úthlutunarnefnd starfa eftir skýrum [starfsreglum](#). Lagt er mat á umsóknir eftir fyrirfram skilgreindu [matsblaði](#) sem byggir á einkunnagjöf til að tryggja jafnræði og gagnsæi.



Hvað er Sóknaráætlun?

Í umsóknarferli aðstoða starfsmenn SSNV við gerð umsókna með því að halda vinnustofur víðsvegar á starfssvæði samtakanna auk þess að veita einstaklingsaðstoð. Að úthlutun lokinni sjá starfsmenn jafnframt um samningagerð, eftirfylgni með skýrslugerð og annað sem lýtur að samskiptum við styrkhafa. *Upplýsingar um fjárhæðir umsókna og styrkja ásamt kynjaskiptingu er að finna á heimasíðu SSNV.*

Hvað eru áhersluverkefni?


Áhersluverkefni eru sérstök verkefni sem ákveðið er að hrinda í framkvæmd til að uppfylla markmið landshlutans á tilteknu málefnasviði Sóknaráætlunar Norðurlands vestra. Á yfirstandandi samningstímabili hafa verkefni verið skilgreind í framhaldi af fundum samráðsvettvangs og verið samþykkt af stjórn SSNV. Í framhaldi af því er lýsing á verkefninu send til stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál til staðfestingar. Ábyrgð á framkvæmd verkefnanna er hjá framkvæmdastjóra samtakanna sem semur við verktaka í þeim tilfellum sem það á við og felur starfsfólki

verkefnisstjórn með einstaka verkefnum byggt á sérsviði viðkomandi starfsmanns.


Hve miklu fjármagni er varið til Sóknaráætlunar Norðurlands vestra?

Fjármagn til sóknaráætlana ræðst af fjárlögum hvers árs. Skipting fjármuna milli landshluta er ákvörðuð af reiknireglu sem unnin er af fulltrúum ráðuneyta og Sambandi íslenskra sveitarfélaga út frá skilgreindum breytum sem áhrif hafa á búsetuskilyrði. Reiknireglan sem unnið hefur verið eftir á yfirstandandi samningstímabili hefur verið óbreytt frá árinu 2015. Nú stendur yfir vinna við endurskoðun hennar í takt við breyttar forsendur frá því síðasta regla var skilgreind.

Á samningstímabilinu 2015-2019 hefur Sóknaráætlun Norðurlands vestra verið úthlutað samtals um 81 milljón árlega sem skipst hafa í áhersluverkefni, Uppbyggingasjóð og rekstur verkefnisins. Samkvæmt samningi um sóknaráætlun ber sveitarfélögum á starfssvæðinu að leggja fram mótframlag sem hefur verið um 8 milljónir á ári.



Ferli vinnu við móttun Sóknaráætlunar Norðurlands vestra



2019-2024

Starfsmenn SSNV

Unnur Valborg Hilmarsdóttir
framkvæmdastjóri SSNV
unnur@ssnv.is



Davíð Jóhannsson
Atvinnuráðgjafi á sviði ferðamála
david@ssnv.is



Ingibergur Guðmundsson
Verkefnisstjóri sóknaráætlunar
ingibergur@ssnv.is



Katharina Ruppel
Skrifstofu- og bókhaldsstörf
katharina@ssnv.is



Sólveig Olga Sigurðardóttir
Atvinnuráðgjafi
solveig@ssnv.is



Sveinbjörg Rut Pétursdóttir
Atvinnuráðgjafi
sveinbjorg@ssnv.is

